

Nd.

252. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsókn-
um til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

Frá meiri hluta samvinnunefndar vatnamála.

Það er orðin almenn skoðun hjer á landi, að nauðsynlegt sje að taka sem fyrst til notkunar vatnsaflíð í landinu, og þá fyrst og fremst í þarfir al-
mennings til ljósa, matreiðslu og hitunar. Má segja að verðmæti vatnsorkunnar
sje á glæ kastað hverja þá stund, sem hún er látin ónotuð. Nokkur byrjun hefir
verið gerð í þessa átt, þar sem einstöku kaupún og sveitabæir hafa virkjað
smáár eða læki, til notkunar hver hjá sjer. En svo hagar til á Suðurlandsundir-
lendinu, Reykjanesskaga og við botn Faxaflóa sunnanverðan, að þar er mjög
lítið um smá fallvötn, sem sjóþorp og sveitabæir geti virkjað, hver til sinna nota,
en aftur á móti nokkur stór fallvötn á suðurláglendinu ofanverðu, sem hvert
fyrir sig mundu nægja landshluta þessum, ef virkjuð yrðu. Líklegt er talið, að
Sogið muni vera einna hagkvæmast þessara fallvatna til virkjunar, og þykir rjett
að gerð verði ítarleg rannsókn á því sem allra fyrst, svo sem frv. fer fram á.

Nú er því svo varið, að til þess að Sogið verði virkjað þarf að leggja
þangað flutningabraut, annaðhvort járnbraut eða traustbygðan akveg, og er þá
sjálfsgagt, að rannsaka verður einnig þá hlið málsins. En hins vegar er þessum
landshluta mjög brýn þörf á járnbrautarsambandi milli undirlendis Suðurlands
annars vegar og Reykjavíkur og annara sjóplássu við Faxaflóa hins vegar, og
virðist þá rjett að rannsaka það mál jafnframt, svo að sjeð verði, hvort ekki er
unt að sameina brautarlagningu til Sogsins við járnbrautarlagningu til fullnæg-
ingar almennum samgönguþörfum þessa landshluta.

Meiri hluti nefndarinnar vill leggja áherslu á, að flýtt sje undirbúningi
beggja þessara mála, eftir því sem fjárhagur landssjóðs leyfir, og mælir því ein-
dregið með því, að frv. það, sem hjer um ræðir, nái fram að ganga.

Frekari grein verður gerð fyrir málinu í framsögunni.

Alþingi, 6. apríl 1921.

Jakob Möller,
form. samvinnunefndar.

Guðm. Guðfinnsson,
skrifari.

Hjörtur Snorrason.

Jón Þorláksson,
framsm. í Nd.

Sigurjón Friðjónsson,
framsm. í Ed.

Guðjón Guðlaugsson,
form. Ed.-nefndar.

Guðm. Ólafsson,
með fyrirvara.

Þorleifur Jónsson,
með fyrirvara.

Bjarni Jónsson
frá Vogu.